

Mál nr. 340/2021**M og
V v/ ábyrgðartryggingar X****Tjón á húseign vegna leka.****Gögn.**

Málskot, móttakið 12. september 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 30. september 2021.

Bréf M, dags. 5. október 2021.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón hafi orðið á húseign M þegar komst upp um leka frá hitaveituröri í eigu X. Í gögnum frá X kemur fram að mat fyrirtækisins á orsök lekans er að „nippill“ við síu hafi losnað þegar skipt hafi verið um mæli um 2-3 árum áður og farið þá að dropa einn og einn dropi á lögnina með þeim afleiðingum að hún tærðist. Ekki liggur fyrir annað mat á orsökum tjónsins.

M telur að X beri ábyrgð á tjóni á húseign hans og megi rekja það til háttsemi starfsmanna X við mælaskipti um 2-3 árum áður. M telur að þar sem hitaveiturör hafi verið í eigu X hljóti tjónsábyrgð að vera hjá X en ekki M sjálfum sem eiganda fasteignarinnar. M vísar einnig með gögnum til gagna sem send voru til V vegna kaupa hans á sérstakri húseigendatryggingu og þar hafi V ekki gert nokkrar athugasemdir við skipulag eða tilhögun í húseigninni. Ekki stoði því fyrir V að halda því fram í þessu máli að niðurfall hafi átt að vera í tengirými húseignarinnar og hafi það heldur ekki komið fram í byggingarreglugerð sem gildi um byggingu húseignarinnar árið 1941.

V hefur hafnað því að sannað sé að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns M og vísar til þess að tjón hafi orðið á húseign M í sama rými og svokölluð mælagrind sé og þar geri byggingarkröfur ráð fyrir að niðurfall sé fyrir hendi í rýminu. V telur því að M hafi gert mistök við hönnun herbergis og sé það orsök tjónsins. Einnig bendir V á að bótaskylda sé fyrir hendi úr húseigendatryggingu M hjá V þó ekki sé fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Álit.

Af þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina verður ekki ráðið að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns á húseign M. Ekki liggur fyrir hvort mælaskipti á vegum X hafi verið gerð án nægilegrar aðgæslu eða hvort aðrar orsakir hafi leitt til þess vatn lak í húseign M. Ekki liggur fyrir sjálfstætt mat á orsök tjónsins. M ber sönnunarbyrði fyrir því að tjón hans sé hægt að rekja til atvika eða aðstæðna sem X ber skaðabótaábyrgð á. Miðað við fyrirbyggjandi gögn hefur sú sönnunarbyrði ekki tekist og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 26. október 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.